

## Skólaráðsfundur haldinn þann 7. febrúar 2024

Fundur settur kl. 08:30. Skólastjóri setur fundinn.

### Mættir:

Skólastjóri: Júlía Guðjónsdóttir

Fulltrúar kennara: Elín Kristinsdóttir og Helena Guðmundsdóttir

Fulltrúi starfsfólks: Hulda Geirsdóttir

Fulltrúar foreldra: Margrét Freyja Viðarsdóttir

Fulltrúar nemenda: Björgvin Þór Ívarsson og Halldór Bjarni Steinunnarson

### Málefni:

Reglugerð um skólaráð við grunnskóla. Júlía fór yfir reglugerð fyrir fundargesti. Kosið verður í nýja stjórn á næsta skólaári.

### Framkvæmdir:

Verið er að vinna í færanlegu kennslustofunum. Það er eftir einhver smá frágangur á fyrri kennslustofueiningunni en sú eining er komin í gagnið og eru 2. bekkur og Frístund að nota þær stofur. Parket kom í gær fyrir seinni eininguna og vonast er eftir að stofurnar verði tilbúna um mánaðarmótin febrúar/mars. 5. bekkur mun þá fara út í þær stofur og 7. bekkur í stofurnar sem 5. bekkur er í núna. Þá losnar um rýmið sem tilheyrir bókasafninu og kemst þá safnið í fyrra horf.

Ekki hafa fengist svör við því hvenær verður byrjað á framkvæmdum í myglurýmum skólans. Júlía hefur ítrekað við málsaðila hversu mikilvægt það er að framkvæmdum verði lokið fyrir byrjun næsta skólaárs. Hún mun ýta frekar á það.

Rekstur skólans. Skólinn var í góðum málum rekstrarlega séð síðasta vetur. Kostnaður var í hærra lagi en innan marka.

Skólastefna Borgarbyggðar kynnt. Júlía fór yfir nýja skólastefnu Borgarbyggðar. Skólastefnan verður kynnt fyrir starfsmönnum skólans á starfsmannafundi þann 29. febrúar nk. Verið er að útbúa bæklinga sem hægt verður að nálgast.

Ný heimasíða. Farið var yfir stöðu nýrrar heimasíðu og þá hnökra sem hafa átt sér stað við uppsetningu síðunnar. Heimasíðan er komin í gagnið og verið er að vinna í að yfirfara þau gögn sem munu birtast þar og koma þeim í birtingu.

Fundi slitið kl. 09:00